

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. maí 2016  
R2016040026/12.8.4

420169-3889


**Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til breytinga á lögum um tekjuskatt  
(skattafsláttur vegna útleigu á einni íbúð)**

Ríkisskattstjóri hefur mótttekið beiðni efnahags-og viðskiptanefndar um að veita umsögn vegna ofangreinds máls. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við ákvæði frumvarpsins. Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að til þess að leigutekjur verði undanþegnar skattlagningu þurfi nokkur skilyrði að vera uppfyllt. Tvö fyrrnefndu skilyrðin sem leigusamningur þarf að uppfylla í þessu sambandi eru þess eðlis að hægt er að nálgast upplýsingar um þau, eða leggja fram gögn. Þriðja skilyrðið er um meðalleiguverð á því svæði sem húsnæðið er staðsett.

Ekkert kemur nánar fram um það hvernig eigi að afmarka það svæði eða hvernig eigi að nálgast upplýsingar um meðalleiguverð, og á hvaða tímamarki. Ekki verður annað séð en að ákvarða þurfi eftirá í hverju tilviki fyrir sig hvort öll skilyrðin hafi verið uppfyllt, með þeirri fyrirhöfn sem því fylgir. Undantekningarreglur af þessu tagi eru til þess fallnar að flækja framtalsgerð og álagningu á einstaklinga, auk þess sem að einhverju leyti kunni að vera um matskenndar ákvarðanir að ræða ef ekki liggja fyrir með glöggum hætti upplýsingar sem byggja má ákvörðun á.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Elín Alma Arthursdóttir